

Alþingi
Erindi nr. P 127/408
komudagur 7.12.2001

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 5. desember 2001.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipan opinberra framkvæmda. 127. löggjafarþing 2001-2002. Þskj. 6 – 6. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og fylgir hér umsögn nefndarinnar.

Með ofangreindu frumvarpi eru lagðar til verulegar breytingar á nýlegum lögum um skipan opinberra framkvæmda, sem sett voru 31. maí sl.

Hin nýja löggjöf frá sl. vori var sett með sömu markmið að leiðarljósi og koma fram í athugasemdum með framkomnu breytingarfrumvarpi, þ.e. að tryggja traustari og vandaðri undirbúning opinberra framkvæmda. Laganefnd er ekki kunnugt um, að komin sé reynsla á það, hvernig hin nýja löggjöf hefur reynst í framkvæmd.

Laganefnd telur það ekki endurspegla festu í löggjafarstarfsemi að leggja út í all viðamiklar breytingar á nýrri löggjöf, þegar ekki er sýnt, að breytingarnar nái betur settum markmiðum en fyrirliggjandi löggjöf.

Bent er á, að ef breytingarnar yrðu að lögum fælu þær í sér talsverða breytingu á stjórnslu opinberra framkvæmda án þess að sýnt sé fram á að þær séu nauðsynlegar:

- Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) heyrir undir fjármálaráðuneytið og ekki er gert ráð fyrir breytingum á því. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir að álit FSR verði bindandi fyrir ráðuneytið samkvæmt 9. gr. frumvarpsins. Það er álit laganefndar að markmiðum 9. gr. laganna megi ná að óbreyttum lögum og án þess að ráðast í svo viðurhlutamikla breytingu að binda ákvörðunarvald ráðuneytisins við álit lægra setts stjórnvalds. Akvæði 9. gr. laganna á að óbreyttu að tryggja, að ekki verði ráðist í opinberar framkvæmdir á óraunhæfum forsendum og aðkoma FSR er tryggð með lög-mæltu hlutverki hennar í áætlanagerð, sbr. a-liður 1. mgr. 20. gr. laganna.
- Mjög er aukið á eftirlitshlutverk FSR, sem vafalaust mun kalla á aukinn mannafla og fjárþörf stofnunarinnar. Ekki liggur fyrir að stofnunin sé í stakk búin að takast á við þetta breytta hlutverk.

Meðan ekki liggur fyrir, að lög nr. 84/2001 nái ekki því markmiði, sem að var stefnt við setningu þeirra, sér laganefnd ekki ástæðu til að mæla með jafn víðtækum breytingum á lögnum og lagt er til í ofangreindu frumvarpi.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl.
formaður